

Fimmtudaginn 22. október 1998.

Nr. 412/1998.

Íslenska ríkið

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

gegn

Baldri Ágústssyni

(Gunnar Jónsson hrl.)

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 25. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. október sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um dómkvaðningu matsmanns. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um dómkvaðningu. Hann krefst jafnframt kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdómara verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað.

Í málinu krefur varnaraðili sóknaraðila um bætur vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna uppsagnar úr starfi flugumferðarstjóra og sviptingar flugumferðarstjóraskírteinis. Málið var höfðað með stefnu 17. maí 1996 og þingfest í héraði 21. sama mánaðar, en áður hafði máli varnaraðila af sama tilefni gegn sóknaraðila verið vísað frá dómi 21. nóvember 1995. Sóknaraðili tók til varna í máli þessu með greinargerð, sem var lögð fram á dómþingi 25. júní 1996. Í kjölfarið tók héraðsdómari málið fyrir sjö sinnum á tímabilinu fram til 24. mars 1997. Á því tímasteiði lagði sóknaraðili meðal annars fram matsgerð dómkvaddra manna um tjón sitt af framangreindum sökum. Eftir þetta vísaði héraðsdómari málinu frá dómi með úrskurði 10. apríl 1997, sem var hnekkt með dómi Hæstaréttar 12. maí sama árs, en þar var lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Tók héraðsdómari málið fyrir sex sinnum frá 3. júní 1997 til 28. nóvember sama árs. Hafði þá tvívegis verið

ákveðin aðalmeðferð málsins og aðilar lýst gagnaöflun lokið með áskilnaði um að leggja fram sérstaklega tilgreind gögn. Á dómþingi síðastnefndan dag lagði varnaraðili meðal annars fram örorkumat tryggingayfirlæknis, sem sóknaraðili krafðist, að lagt yrði fyrir læknað til álitserðar. Héraðsdómari féllst á þá kröfu með úrskurði sama dag. Álitserð læknaðs var lögð fram, þegar málið var næst tekið fyrir á dómþingi 1. júlí 1998. Varnaraðili gerði þá áskilnað um rétt til að leita dómkvaðningar matsmanns um örorku sína til að gegna starfi flugumferðarstjóra. Krafa hans um slíka dómkvaðningu var síðan lögð fram í næsta þinghaldi í málinu 2. september 1998. Sú krafa var tekin til greina með hinum kærða úrskurði.

Svo sem ráðið verður af framangreindu, hefur rekstur málsins af hendi varnaraðila verið verulega ómarkviss, einkum að því er varðar öflun gagna, sem lúta þó að meginatriðum þess. Ekki verður full- yrt, að matsgerðin, sem varnaraðili vill nú afla, sé bersýnilega tilgangslaus til sönnunar. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara, að rétt sé, að umbeðin dómkvaðning fari fram. Í ljósi þeirra miklu tafa, sem orðið hafa á rekstri málsins, er hins vegar brýnt, að matsmanni verði settur skammur frestur til að ljúka störfum.

Rétt er, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumáli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1998.

Með matsbeiðni stefnanda, sem lögð var fram í þinghaldi 2. september sl., var þess óskað, að dómkvaddir yrðu tveir óvilhallir matsmenn til að láta í té skriflegt og rökstutt álit á því, hvort stefnandi hafi verið hæfur af heilsufarslegum ástæðum til starfa við flugumferðarstjórn allar götur frá 17. september 1984.

Stefndi mótmælti dómkvaðningu matsmanna. Kvað lögmaður stefnda ástæðu mótmæla sinna vera þá, að umbeðið mat væri tilgangslaus sönnun samkvæmt 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um bótagrundvöll gagnvart stefnda, en auk þess væri matsbeiðnin vanreifuð.

Lögmaður stefnanda hélt því fram, að ráða mætti af fram lögðu álitum lækna ráðs, að slíkrar niðurstöðu mætti afla með matsgerð.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 er það hlutverk aðila í einkamáli að afla sönnunargagna í því, ef hann hefur forræði á sakarefninu. Í 3. mgr. sömu greinar kemur fram, að dómari getur meinað aðila sönnunarfærslu, ef bersýnilegt er, að sönnunarfærslan skipti ekki máli.

Eins og fram kemur í matsbeiðni, kveðst stefnandi reisa kröfur sínar á hendur stefnda á þeirri málsástæðu, að hann hafi sökum heilsuleysis verið óhæfur til þess að gegna starfi flugumferðarstjóra og því átt rétt á svokallaðri skírteinistryggingu auk lífeyris vegna örorku, sem hindrað hafi hann í að gegna starfinu.

Samkvæmt fyrrgreindri meginreglu um forræði aðila á sakarefni verður umbeðið mat heimilað, enda verður ekki fallist á, að sú sönnunarfærsla sé bersýnilega óþörf. Þá þykir matsbeiðni vera nægilega skýr um þau atriði, sem krafist er mats á.

Samkvæmt framanrituðu ber því að taka til greina kröfu lögmanns stefnanda um dómkvaðningu tveggja hæfra og óvilhallra manna til að vinna umbeðið mat.

Hervör Porvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa lögmanns stefnanda um dómkvaðningu matsmanna í málinu nr. E-2579/1996 er tekin til greina.
